

Er þá aðeins átt við verkamenn, sem hættuleg efni ná eða geta náð til á vinnustaðnum. Vegna gassuðutækja eða rafsuðutækja greiðist **kr. 2 000.00**.

4. gr.

Fyrir skoðunarskyld heitavatns- eða miðstöðvarkerfi greiðist **kr. 10 000.00** fyrir hvert ár, sem skoðun fer fram að beiðni ráðamanna kerfisins eða skoðun er framkvæmd samkvæmt skoðunarskyldu.

5. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkvæmt gjaldskrá þessari, til að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því sem með þarf.

6. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulags utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

7. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt er eða skylt að stofnunin gegni, greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfín eru.

8. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttáð, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. febrúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 144 1. mars 1977.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt 25. gr. Orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 20% hækkun á smásölu gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 377 frá 28. október 1977. Hækkunin tekur gildi frá og með 1. febrúar 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.